

Fundargerð 951. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 30. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Grindavíkurnefnd - 2407014SA

Árni Þór Sigurðsson, Guðný Sverrisdóttir og Gunnar Einarsson úr framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir starfsemi nefndarinnar ásamt því að svara spurningum stjórnarfólks.

Fulltrúar úr Grindavíkurnefnd viku af fundi kl. 12:55.

2. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 2401015SA

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Friðjón Einarsson og Hörður Hilmarrson fulltrúar í Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga komu inn á fundinn undir þessum lið kl. 12:55 ásamt Guðna Geir Einarssyni, Aðalsteini Þorsteinssyni, Sigrúnu Dögg Kvaran og Árna Sverri Hafsteinssyni starfsfólki í innviðaráðuneytinu. Ræddu þau um starf ráðgjafarnefndarinnar og svöruðu spurningum stjórnarfólks.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Hrund Pétursdóttir viku af fundi kl. 13:55. Aðrir gestir á fundinum viku af fundi kl. 14:00.

3. Stuðningur við Grindavíkurbæ - 2311012SA

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu, dags 28. ágúst, varðandi stuðning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Grindavíkurbæjar með vísan til samkomulags þeirra á milli, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að skrifa umsögn m.v. umræður á fundinum.

4. Fundargerðir 949. og 950. fundar - 2309033SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 949. og 950. fundar stjórnar sambandsins frá 13. og 21. júní 2024 sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

5. **Fundir Jónsmessunefndar - 2401003SA**
Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 24. júní 2024.
6. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**
Lagðar fram fundargerðir 29. og 30. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 19. júní og 16. ágúst 2024.
7. **Staða kjaramála - 2406015SA**
Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í ágúst 2024.
8. **Kjarasamningar - 2406015SA**
Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Starfsgreinasamband Íslands f.h. eftirtalinna stéttarfélaga: Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining-löja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélag Samstaða, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélagið Hlíf vegna Garðabæjar, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis og Verkalýðsfélag Þórshafnar, dags. 3. júlí 2024, ásamt kynningu. Einnig lagðir fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Matvís, Rafinaðarsambands Íslands og Félags vélstjóra og málmæknimanna, dags. 3. júlí 2024, og Samiðn f.h. aðildarfélaga sinna, dags. 11. júlí 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu.
Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamning við Starfsgreinasamband Íslands f.h. eftirfarandi stéttarfélaga: Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining-löja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélag Samstaða, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélagið Hlíf vegna Garðabæjar, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis og Verkalýðsfélag Þórshafnar og kjarasamninga við Matvís, Rafinaðarsambands Íslands og Félags vélstjóra og málmæknimanna, og Samiðn f.h. aðildarfélaga sinna.
9. **Hagsmunagæsla Sambandsins gagnvart þinginu - 2407012SA**
Lagt fram til minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 10. júlí 2024, um hagsmunagæslu Sambandsins gagnvart þinginu. Rætt sérstaklega um fríar skólamáltíðir.
10. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2024 - 2404027SA**
Sviðsstjóri þróunarsviðs gerði grein fyrir drögum að dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður á Hilton Reykjavík Nordica 10.-11. október 2024.

- 11. Fjármál sveitarfélaga - 2406004SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs sambandsins, dags. 28. ágúst 2024, um fjármál sveitarfélaga.

Sviðsstjóri þróunarsviðs gerði grein fyrir minnisblaðin um fjármál sveitarfélaga.
 - 12. Fjármálareglur sveitarfélaga - óskað umsagnar - 2408012SA**

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn Sambandsins vegna óskar Reykjavíkurborgar um breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er varðar fjármálareglur sveitarfélaga, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn tekur jákvætt í ósk Reykjavíkurborgar og felur framkvæmdastjóra að skrifa inn umsögn m.v. umræður á fundinum.
 - 13. Starfshópur um tillögu að nýjum samningi um samræmda móttöku flóttafólks - 2403022SA**

Lögð fram til kynningar úttekt á samræmdri móttöku flóttafólks frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála dags.
 - 14. Breytingar á innra skipulagi Sambandsins - 2303020SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 28. ágúst 2024, um endurskoðun á nefndaskipan Sambandsins.

Stjórn samþykkir framkomna tillögu um endurskipulag nefnda og felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir þannig að hægt sé að skipa í nýjar nefndir fyrir áramót.
 - 15. Nýr vefur og auglýsingaherferð - 2402012SA**

Samskiptastjóri gerði grein fyrir tillögu að auglýsingum og kynnti vinnu við nýjan vef Sambandsins.
 - 16. Verkefni Sambandsins haustið 2024 - 2312016SA**

Framkvæmdastjóri og stjórnendur fóru yfir helstu verkefni Sambandsins haustið 2024.
- Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 15:30. Heiða Björg Hilmisdóttir vék af fundi kl. 15:35 og tók Jón Björn Hákonarson við stjórn fundarins.
- 17. Fræðsla og upplýsingamiðlun Sambandsins til kjörinna fulltrúa - 2303013SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þjónustusviðs og yfirlögfræðings, dags. 27. ágúst 2024, um Sveitarfélagaskólann og aðra fræðslu og upplýsingamiðlun Sambandsins.
 - 18. Tilnefning í spretthóp um ný heildarlög um frístund- og æskulýðsstarf - 2404036SA**

Þann 15. maí 2024 tilnefndi Samband íslenskra sveitarfélaga Guðmund Ara Sigurjónsson, bæjarfulltrúa í Seltjarnarnesbæ í spretthóp um ný heildarlög um frístund- og æskulýðsstarf.
 - 19. Tilnefning í starfshóp um lóðir fyrir einingabyggðir - 2404021SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 28. maí 2024, þar sem Valgerður Rún

Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um lóðir fyrir einingabyggðir.

20. **Tilnefning í stýrihóp um virðismat starfa í þágu launajafnréttis - 2406010SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 24. júní 2024, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaga, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp um virðismat starfa í þágu launajafnréttis, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur í samninganefnd sveitarfélaga, til vara.
21. **Tilnefning í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2024-2027 - 2405012SA**

Þann 24. júní 2024 tilnefndi Samband Íslenskra Sveitarfélaga Valgerði Rún Benediktsdóttur, yfirlögfræðing sambandsins til áframhaldandi setu í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2024-2027.
22. **Endurtilnefning í verkefnisstjórn loftslagsmála - 2404011SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 25. júní 2024, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sambandsins, er tilnefnd í verkefnisstjórn loftslagsmála í stað Huguðar Geirsdóttur.
23. **Tilnefning í samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði - 2407006SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. ágúst 2024, þar sem Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, og Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambandsins, til vara.
24. **Tilnefning í samgönguráð - 2407017SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 23. ágúst 2024, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í samgönguráð.
25. **Tilnefning í fulltrúaráð Brynju leigufélags ses. - 2404032SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Brynju leigufélags ses., dags. 23. ágúst 2024, þar sem Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd til áframhaldandi setu í fulltrúaráð Brynju, og Einar Brandsson, stjórnarmaður hjá Sambandinu.
26. **Skýrslur umboðsmanns Alþingis - OPCAT-eftirlit á búsetuúrræðum fyrir börn - 2406027SA**

Lagt fram bréf umboðsmanns Alþingis, dags. 27. júní 2024, vegna athugana OPCAT-eftirlits embættis á búsetuúrræðum fyrir börn hjá Klettabæ ehf. og Vinakoti ehf, ásamt fylgiskjölum.
27. **Vorskýrsla Kjaratölfræðinefndar 2024 - 2009050SA**

Lögð fram til kynningar vorskýrsla Kjaratölfræðinefndar, dags. í júní 2024.

Fundi var slitið kl. 15:45